

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 148/2025

frá 13. júní 2025

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1107 frá 13. mars 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur um áframhaldandi lofthæfi vottaðra ómannaðra loftfarskerfa og íhluta þeirra og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1109 frá 10. apríl 2024 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 að því er varðar kröfur fyrir lögbær yfirvöld og stjórnsýslumeðferðir varðandi vottun, eftirlit og framfylgd í tengslum við áframhaldandi lofthæfi vottaðra, ómannaðra loftfarskerfa og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/203 ⁽²⁾.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66zbg (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/203):

„– **32024 R 1109**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1109 frá 10. apríl 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1109, 23.5.2024).“

2. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir lið 66zbi (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1769):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1107, 23.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/1107/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1109, 23.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1109/oj

„66zbj. **32024 R 1107**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1107 frá 13. mars 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur um áframhaldandi lofthæfi vottaðra ómannaðra loftfarskerfa og íhluta þeirra og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtið. ESB L, 2024/1107, 23.5.2024).

66zbk. **32024 R 1109**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1109 frá 10. apríl 2024 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 að því er varðar kröfur fyrir lögbær yfirvöld og stjórnsýslumeðferðir varðandi vottun, eftirlit og framfylgd í tengslum við áframhaldandi lofthæfi vottaðra, ómannaðra loftfarskerfa og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/203 (Stjtið. ESB L, 2024/1109, 23.5.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/1107 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/1109, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2025 frá 13. júní 2025 ⁽³⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(³) Verður birt.